



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Petri stjórnar Ungsveitinni

5. október 2014





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

### Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir af RÚV og verða sendir út á Rás 1 fimmtudaginn 9. október kl. 19.00.

### Áætluð timalengd verka:

*Rómeó og Júlía: 20'00"*

*Myndir á sýningu: 35'00"*

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**



@icelandsymphony

#sinfo14

www.sinfonia.is

# Ungsveit SÍ 2014

Tónleikar í Eldborg 5. október 2014 » 17:00

**Ungsveit SÍ**

**Petri Sakari** hljómsveitarstjóri

**Pjotr Tsjaikovskij**

*Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur (1869/1880)*

**Hlé**

**Modest Músorgskij/**

**úts. Ravel**

*Myndir á sýningu (1874, úts. 1922)*

*Göngustef*

*Dvergurinn*

*Göngustef*

*Gamli kastalinn*

*Göngustef*

*Tígulsteinagarðurinn*

*Uxakerran*

*Göngustef*

*Dans kjúklinganna í egginu*

*Tveir pólskir gyðingar*

*Markaðstorgið í Limoges*

*Katakomburnar: Með dauðum á dauðu máli*

*Nornakofinn*

*Hliðið mikla við Kænugarð*

## Petri Sakari

hljómsveitarstjóri



Finnski hljómsveitarstjórinn Petri Sakari er fæddur í Helsinki og er einn þeirra stjórnenda sem átt hafa hvað farsælast samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands undanfarna áratugi. Sakari hóf fiðlunám átta ára gamall og innritaðist ári síðar til náms við tónlistarháskólann í Tampere. Sextán ára hóf hann nám í hljómsveitarstjórn og hlaut síðar inngöngu í Sibeliusarakademiuna í Helsinki, þar sem kennari hans var Jorma Panula.

Sakari hóf hljómsveitarstjóraferil sinn aðeins sautján ára að aldri. Frá árinu 1983 hefur hann stjórnað öllum helstu hljómsveitum Finnlands, svo sem Finnsku útvarpshljómsveitinni og Lahti-sinfóníunni. Árið 1988 tók Sakari við aðalhljómsveitarstjórastöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegndi henni til 1993 og síðan aftur á árunum 1996 til 1998, en í millitíðinni var hann aðalgestastjórnandi hljómsveitarinnar.

Sakari hefur starfað með mörgum sinfóníuhljómsveitum í Evrópu eins og útvarpshljómsveitunum í Vín og Stuttgart, Fílharmóníusveit BBC í Manchester, Þjóðarhljómsveitinni í Wales, Sinfóníuhljómsveit Prag og fílharmóníuhljómsveitunum í Lúxemborg og Strassborg. Sakari hefur einnig haldið um tónsprotann í Tókýó, Singapore, Mexíkóborg og São Paulo.

Samstarf Sakaris og Sinfóníuhljómsveitarinnar hefur verið einstaklega farsælt og bera fjölmargir geisladiskar Chandos og Naxos útgáfufyrirtækjanna því gott vitni. Sakari hefur einnig starfað sem aðalgestastjórnandi Sænsku kammersveitarinnar og verið aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gävle í Svíþjóð og síðast Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Turku í Finnlandi. Sakari mun stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands í hinu viðamikla tónverki *Kullervo* eftir Sibelius í janúar næstkomandi. Petri Sakari stjórnaði frumflutningi á óperunni *Ragnheiði* eftir Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson en óperan sópaði til sín tilnefningum og verðlaunum á Grímunni í vor.

# Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Stofnuð 2009

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur vakið verðskuldaða athygli en Ungsveitin var tilnefnd sem Bjartastavonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2011. Ár hvert, undanfarin sex ár, hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins tekið þátt í Ungsveitarnámskeiði Sinfóníuhljómsveitarinnar og náð undraverðum árangri undir leiðsögn framúrskarandi hljóðfæraleikara og hljómsveitarstjóra.

Markmið Sinfóníuhljómsveitarinnar með hljómsveitarskóla Ungsveitarinnar er að gefa tónlistarnemendum innsýn og vettvang til að kynnast hinum sífóníska heimi af eigin raun og njóta þjálfunar og leiðsagnar í hljómsveitarleik eins og um atvinnumennsku væri að ræða. Hljóðfæraleikarar Ungsveitarinnar þurfa að standast prufuspil sem líkir eftir aðstæðum prufuspila hjá Sinfóníuhljómsveitinni. Í Ungsveitinni eru gerðar strangar kröfur um fagmannlega frammistöðu enda hafa tónleikar Ungsveitarinnar vakið eftirtekt fyrir samstilltan flutning og magnaða túlkun.

Hljómsveitin í ár er skipuð rúmlega 70 hljóðfæraleikurum sem valdir voru úr stórum hópi ungmenna sem léku um sæti í sveitinni með prufuspili. Þetta eru sjöttu tónleikar Ungsveitarinnar en áður hefur sveitin leikið 5. sífóníu Sjostakovitsj og sífóníu nr. 4 eftir Tsjaikovskíj undir stjórn Rumons Gamba, sífóníu nr. 5 eftir Mahler og *Pláneturnar* eftir Holst undir stjórn Brönnimanns, *Karníval í Róm* eftir Berlioz, *La mer* eftir Debussy og sellókonert í e-moll eftir Elgar með Sæunni Þorsteinsdóttur undir stjórn Petris Sakari. Aðstoðarhljómsveitarstjórar á fyrstu æfingum sveitarinnar voru að þessu sinni Jósef Ognibene og Hallfríður Ólafsdóttir.

Eivind Aadland verður hljómsveitarstjóri á næsta námskeiði Ungsveitar SÍ og verða prufuspil haldin í mars 2015.

## Pjotr Tsjajkovskíj

Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur



Pjotr Tsjajkovskíj (1840–1893) stundaði tónlistarnám í Sankti Pétursborg og útskrifaðist úr tónlistarháskóla borgarinnar 25 ára gamall. Skömmu síðar bauðst honum kennarastaða við nýstofnaðan tónlistarháskóla í Moskvu og þar kenndi hann í rúman áratug. Í Moskvu kynntist Tsjajkovskíj tónskáldinu Mili Balakirev, sem var mikill áhrifavaldur á þjóðlegan stíl rússneskra tónskálda um þetta leyti. Balakirev leitaðist við að finna jafnvægi milli hinna klassísku vestrænu hefða og rússnesks þjóðaranda í tónsköpun, og var músíkalskur lærifaðir Músorgskíjs, Rimskíj-Korsakovs og Borodins, svo nokkrir séu nefndir. Hann reyndist Tsjajkovskíj einnig vel og líklega hefði forleikurinn um Rómeó og Júlíu aldrei litið dagsins ljós ef ekki hefði verið fyrir tilstilli Borodins.

Ekki verður annað sagt en að vel hafi tekist til, því að í hljómsveitarforleik Tsjajkovskíjs renna form og innihald saman á sérlega vel heppnaðan hátt. Verkið hefst á hægum inngangi sem hefur á sér trúarlegan blæ og lýsir Bróður Lárens í klausturklefa sínum. Meginhluti forleiksins er í sönötuformi, og tvær meginhugmyndir eru ráðandi. Fyrri stefið er ágengt og ofsafengið og lýsir óvináttu Kapúlett- og Montag-ættanna, en hið seinna lýsir ástum Rómeós og Júlíu. Niðurlagið byggir einnig á ástarstefinu, en nú er það kaldur og lífvana útfararmars.

Segja má að Tsjajkovskíj hafi fundið sína eigin rödd með forleiknum um Rómeó og Júlíu. Hann var tiltölulega óreyndur sem hljómsveitartónskáld og hafði aðeins samið eina sinfóníu, enda ekki nema 29 ára gamall. Tsjajkovskíj sótti aftur í sjóð Shakespeares síðar á ferlinum – forleiki byggða á *Ofviðrinu* (1873) og *Hamlet* (1878) – en hvorugt þessara verka skákar þó Rómeó og Júlíu-forleiknum hvað vinsældir varðar.

---

### Tónlistin á Íslandi

*Forleikur Tsjajkovskíjs hefur hljómað alloft í meðförum Sinfóníuhljómsviatar Íslands, til dæmis undir stjórn Olavs Kielland (1960), Gabriels Chumra (1978), Barrys Wordsworth (1987) og Pietaris Inkinen (2007). Sinfóníuhljómsveit Norðurlands flutti verkið árið 2007 undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar.*

## Modest Músorgskíj

Myndir á sýningu



Modest Músorgskíj (1839–81) var ötull talsmaður þess að Rússar sköpuðu sína eigin tónlist út frá sérkennum rússneskar þjóðlagatónlistar fremur en að reiða sig um of á vestrænar hefðir. Að því leyti var hann andstæða Tsjajkovskíjs, sem reyndi að brúa bilið milli austurs og vesturs í sinfóníum sínum, konsertum og ballettum. Mörgum samverkamanna Músorgskíjs þótti nóg um sérviskuna í tónsköpun hans. Þegar hann lést frá mörgum verka sinna ófrágengnum kom það í hlut Rímskíj-Korsakovs að ljúka þeim, sem hann gerði m.a. með því að „lagfæra“ sérkennilegustu kaflana bæði hvað snerti tónatak og útsetningu. Það var ekki fyrr en líða tók á 20. öldina sem tónsmíðar Músorgskíjs tóku almennt að hljóma óbreyttar í tónleikasölum heimsins og nú þykir hrár stíllinn einmitt einn frumlegasti og mest heillandi þátturinn í listsköpun hans.

Einn skoðanabróðir Músorgskíjs í listinni var listmálarinn Viktor Hartmann sem lést árið 1873, 39 ára gamall. Hann hafði reynst tónskáldinu vel og hvatt hann áfram þegar hann var við það að gefast upp á óperu sinni, *Boris Godúnov*. Ári eftir lát Hartmanns var haldin yfirlitssýning á verkum hans, m.a. teikningum, vatnslitamyndum og skartgripum. Í kjölfarið samdi Músorgskíj eitt frægasta verk sitt, píanósvítu sem byggir á tíu áhrifamestu myndum sýningarinnar, „í minningu okkar kæra Viktors.“ Verkið varð til á aðeins þremur vikum í júnímánuði 1874 en það þótti „ópíanístíkt“ og fáir lögðu á sig það erfiði að læra það. Það var ekki fyrr en árið 1922 sem gæfan snerist verkinu í hag, þegar Maurice Ravel samþykkti að útsetja svítuna að beiðni rússneska hljómsveitarstjórans Serge Koussevitzky. Ravel var einn snjallasti útsetjari sem sögur fara af og tókst öðrum fremur að glæða tónlist Músorgskíjs nýjum og heillandi litbrigðum.

### Göngustef

Við sjáum Músorgskíj fyrir okkur, hægán og alvörugefinn Rússa sem gengur milli mynda á sýningu Hartmanns og raular fyrir munnni sér stef með rússneskum blæ. Það hljómar einnig

síðar í verkinu í ýmsum búningi. Gegnum breytingarnar sem á því verða heyrast áhrifin sem myndirnar hafa á tónskáldið.

### **Dvergurinn**

Skissa Hartmanns fyrir leikfanga-hnotubrjót: dvergur sem hleypur klunnalega með skakkar lappir. Tónlist Músorgskijs er ógnvekjandi en Ravel bætir um betur, lætur til dæmis fiðlur og lágfiðlur skapa draugalegan hljóm með því að renna sér upp og niður strengina nálægt fingrabrettinu.

### **Gamli kastalinn**

Í vatnslitaskissu Hartmanns syngur trúbadúr við miðalda-kastala. Músorgskíj semur hér blíðan ítalskan *siciliano*-dans, og í útsetningu Ravels er hann leikinn af nýrri viðbót við símfóníuhljómsveitina á fyrstu áratugum 20. aldar: alt-saxófóninum.

### **Tígulsteinagarðurinn**

Tuileries-garðurinn í París dregur nafn sitt af tígulsteinum sem notaðir voru í stéttarnar fyrir margt löngu. Þar var iðulega krökkt af börnum í fylgd með barnfóstrum sínum og hér bregður Músorgskíj upp mynd af ungvíði að leik.

### **Uxakerran**

*Bydlo*, yfirskrift Músorgskijs, er pólska orðið yfir nautgripi. Hér hafði Hartmann teiknað mynd af pólskri uxakerru með risavöxnum hjólum. Ravel fylgir fyrir mælum Rimskíj-Korsakovs um að láta kerruna nálgast úr fjarlægð, fyrst *pianissimo* en sterkar eftir því sem líður á kaflann. Músorgskíj biður um að píanistinn leiki *fortissimo* allt frá fyrsta takti.

### **Dans kjúklinganna í egginu**

Mynd Hartmanns sýndi unga nema við keisaralega ballett-skólann dansa ballettinn *Trilbjj*, sem fyrst var sýndur 1871. Í einu atriðinu, dansi hinna ófæddu kjúklinga, minntu búningar barnanna á risastóra eggjaskurn. Af útsetningu Ravels má ráða að hann hafði lært ýmislegt af ballettónlist Tsjaikovskijs.

---

## Tónlistin á Íslandi

*Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur tólf sinnum leikið Myndir á sýningu. Fyrst hljómuðu þær undir stjórn Páls P. Pálssonar árið 1964, en síðan hafa m.a. haldið um tónsprotann þeir Bohdan Wodiczko (1971), James Blair (1980), Jean-Pierre Jacquillat (1984), Diego Masson (1987, í útsetningu Ashkenazys), Petri Sakari (1992), Zouhuang Chen (1999), Rumon Gamba (2008) og Dmitríj Kitajenko (2013). Sinfóníuhljómsveit æskunnar lék myndirnar í hljómsveitarútsetningu Leo Funtek árið 1996 undir stjórn Petris Sakari, og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins flutti útsetningu Ravels á Þjóðlagahátíð á Siglufirði 2006.*



### **Tveir pólskir gyðingar**

Skissur Hartmanns sýna tvo gyðinga, annan ríkan og hinn fátækan. Í tónlistinni býr Músorgskij til dramatískar samræður þeirra á milli; sá ríki (Samuel Goldenberg) er glæsilegur og breiðir mjög úr sér, en sá fátæki (Schmuyle) skelfur og stamar.

### **Markaðstorgið í Limoges**

Hér heyrast franskar konur rífast heiftarlega og slúðra hverja í kapp við aðra á markaðstorginu. Æsingurinn verður skyndilega að engu þegar við erum minnt á nærveru dauðans í næstu mynd.

### **Katakomburnar – Cum mortis in lingua mortua**

Mynd Hartmanns, *Katakombur Parísarborgar*, sýnir þrjá menn sem standa í grafhvelvingum neðanjarðar og skína ljósi á vegg sem samanstendur af eintómum hauskúpum. Hér dregur Músorgskij upp mynd af dimmum hvelvingunum, og Ravel notar málmblásturshljóðfæri á áhrifamikinn hátt til að auka við stemninguna.

### **Nornakofinn**

Teikning Hartmanns sýnir klukku sem er í laginu eins og nornakofi á hænufótum. Tónlist Músorgskíjs sýnir ekki aðeins kofann sjálfan heldur nornareid hinnar ógnvænlegu Böbu Jögu, erkinornar rússneskra þjóðsagna. Hún flýgur um á risastóru mortéli, rænir saklausum börnum og færir þau heim í kofa sinn. Í sumum heimildum er einnig getið um rammgert hlið sem umlýkur kofann, gert úr mannabeinum og hauskúpum.

### **Hliðið mikla við Kænugarð**

Hartmann hafði gert drög að miklu borgarhliði í Kænugarði í gömlum rússneskum stíl, með „laukturni“ og hvelvingu sem minnti á rússneskan stríðshjál. Hliðið var aldrei byggt en hefur orðið ódauðlegt gegnum glæsilega tónlist Músorgskíjs, þar sem stef úr rússneskum kirkjusöng hljóma í bland við mikilfenglegan klukkuhljóð.

*Árni Heimir Ingólfsson*

## Á döfinni



### Rússneskir meistarar

**fim. 23. okt. kl. 19:30**

Franski hljómsveitarstjórinn Pascal Rophé er einn virtasti túlkandi tónlistar 20. aldarinnar og reglulegur gestastjórnandi helstu sinfóníuhljómsveita og samtímahópa í Evrópu. Rophé stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands síðast í maí 2013 á tónleikum Listahátíðar við frábærar undirtektir. Einleikari á tónleikunum er Tanja Tetzlaff, sellóleikari sem hefur komið fram með leiðandi hljómsveitum í Evrópu, Bandaríkjunum og Ástralíu.

**Sergej Rakhmanínov** *Kletturinn*  
**Pjotr Tsjajkovskij** *Rókókó-tilbrigðin*  
**Dmítríj Shostakovitsj** *Sinfónía nr. 9*

**Pascal Rophé** *hljómsveitarstjóri*  
**Tanja Tetzlaff** *einleikari*

Tónleikakynning » kl. 18:00



### The Miners' Hymns

**fös. 7. nóv. kl. 20:00**

Sinfóníuhljómsveit Íslands tekur í þriðja sinn þátt í Iceland Airwaves-hátíðinni sem hefur sett svip sinn á tónlistarlíf Reykjavíkur allt frá árinu 1999.

Tónlist Jóhanns Jóhannssonar við mynd Bills Morrison, *The Miners' Hymns*, hefur vakið verðskuldaða athygli - ekki síður en myndin sjálf, allt frá frumsýningu í New York 2010. Verkið fékk fimm stjörnur í dagblaðinu *Observer* þegar það var flutt Barbican-listamiðstöðinni í London í marsmánuði síðastliðnum.

**Jóhann Jóhannsson**  
**Bill Morrison** *The Miners' Hymns*

**Guðni Franzson** *hljómsveitarstjóri*  
**Jóhann Jóhannsson** *einleikari*

# Hljómsveit á tónleikum

5. október 2014

## 1. FIÐLA

Hekla Finnsdóttir  
Stefanía Gunnarsdóttir  
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir  
Hafrún Birna Björnsdóttir  
María Emilía Garðarsdóttir  
Alma Katrín Einarsdóttir  
Pétur Úlfarsson  
Hjalti Nordal Gunnarsson  
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir  
Johanna Brynja Ruminy  
Bjargey Birgisdóttir  
Agnes Jórunn Andrésdóttir  
Irena Sylva Roe  
Lin Wei  
Andrzej Kleina

## 2. FIÐLA

Maksymilian Haraldur Frach  
Júnía Lín Jónsdóttir  
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir  
Baldur Viggósson Dýrfjörð  
Agnes Eyja Gunnarsdóttir  
Guðrún Gígja Aradóttir  
Klara Rosatti  
Nikodem Júlíus Frach  
Lea María Lemarquis  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Guðfinna Margrét Örnólfsdóttir  
Guðrún Diljá Agnarsdóttir

## VÍÓLA

Ásta Kristín Pjetursdóttir  
Anna Elisabet Sigurðardóttir  
Steina Kristín Ingólfsdóttir  
Embla Þorfinnsdóttir  
Fídel Atli Quintero Gasparsson  
Enrico Higginbotham  
Svava Bernharðsdóttir  
Eyjólfur Alfreðsson

## SELLÓ

Hjörtur Páll Eggertsson  
Laufey Lín Jónsdóttir  
Sverrir Arnórsson  
Heiður Lára Bjarnadóttir  
Sólveig Aðalbjört Guðmundsdóttir  
Sara Sólveig Kristjánsdóttir

## BASSI

Andreas Máni Helgason  
Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Jóhannes Georgsson

## FLAUTA

Sólveig Magnúsdóttir  
Kristín Ýr Jónsdóttir  
Helen Xinwei Chen

## ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Sigríður Arna Lund  
Guðrún Másdóttir, englahorn

## KLARÍNETT

Stefán Ólafur Ólafsson  
Hildur Elísa Jónsdóttir  
Eiríkur Andri Þormar  
Áslaug Rún Magnúsdóttir  
Kristín Þóra Pétursdóttir, bassaklarínnett

## SAXÓFÓN

Ólafur Hákon Sigurðarson

## FAGOTT

Þórður Magnús Tryggvason  
Arna Marín Thorarensen  
Bergrún Lilja Jónsdóttir, kontrafagott

## HORN

Jóna Þórdís Eggertsdóttir  
Helga Mikaelesdóttir  
Bjarki Gunnarsson  
Katrín Guðnadóttir  
Atli Sigurðsson

## TROMPET

Ingibjörg Ragnheiður Linnet  
Þórhildur Þorleiksdóttir  
Herdís Ágústa Linnet  
Árni Daniel Árnason  
Gunnar Kristinn Óskarsson

## BÁSÚNA

Einar Bjarni Björnsson  
Carlos Caro Aguilera  
Jón Arnar Einarsson, euphonium

## TÚBA

Breki Sigurðarson  
Ásgrímur Ari Einarsson

## HARPA

Hannah Rós Jónasdóttir

## CELESTA

Anela Bakraqi

## PÁKUR

Helgi Þorleiksson

## SLAGVERK

Svanhildur Lóa Bergsveinsdóttir  
Eva Kolbrún Kolbeins  
Magni Rúnar Kristinsson

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri  
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi  
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi  
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri  
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Margrét Ása Jóhannsdóttir nótta- og skjalavörður  
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri  
Greipur Gíslason verkefnastjóri  
Una Eyþórsdóttir mannaússtjóri  
Monika Abendroth umsjónarmaður



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson hafa skapað víðförlustu mús Íslandssögunar.



**Hallfríður:** Það að kynnast aðeins einfaldri tónlist er ekki ólíkt því að vera alinn upp **bara á pylsum.**

**Þórarinn:** Já, sem eru auðvitað ágætari í hófi en maður þarf annað með. **Hallfríður:** Börn eru með galopin huga og fordómalaus en mörg þeirra fá sjaldan tækifæri til þess að heyra annað en létt lög.

Börn eru þakklátir og hrifnæmir áhorfendur enda má upplifa svo margt og læra um lífið og mannlegar tilfinningar með hjálp tónlistar. Ungu fólkid er ávallt áfúsgestir hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Á undanförunum árum hefur hljómsveitinni borist öflugur lífsstyrkur í honum Maxímús Músíkús, tónlistarmús sem kynnir börnum á öllum aldri galdur tónlistarinnar. Þau Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari hafa skapað þessa skemmtilegu og forvitnu mús

sem er á góðri leið með að sigrar heiminn því að sögurnar hans hafa verið þýddar á mörg tungumál og gefnar út ásamt geisladiskum. Maxímús hefur einnig heimsótt þó nokkrar sínfóníuhljómsveitir í öðrum löndum. Engin íslensk mús er því sigldari eða frægari, geri aðrar betur!

*GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.*

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)